


DV

Menning



Eitt verkanna á sýningunni.

Úr dagbók bítils

– John Lennon á Kjarvalsstöðum

Bítillinn John Lennon var í senn húmoristi og húnarlisti. Þess konar lífsafstaða endurspeglast í sköpunarverkum hans sem eru ekki einungis á tónlistarsviðinu heldur einnig á sviði ritlistar og myndlistar. Sýning á myndverkum Lennons var opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardag. Hingað eru verkin komin fyrir milligöngu ekkju listamannsins, Yoko Ono, er sjálf sýndi á Kjarvalsstöðum fyrir nokkrum árum. Á sýningunni eru 65 verk – allt grafík, flest silkiprykk en einnig steinprent og blönduð grafíktækni.

Augnabliksmyndir

Við skoðun verkanna verður fljótt ljóst að hér er fyrst og fremst um augnabliksmyndir að ræða þar sem tilgangurinn er sá að fanga í fáum dráttum uppákomur í daglega lífinu. Myndirnar hafa flestar hverjar dagbókarblæ þar sem Lennon, Yoko Ono og sonur þeirra, Sean, eru aðalpersónur í húnarlisti og kómískri sýn á mannlífið. Lennon mun hafa verið hugfanginn af fjölskyldulífinu þennan áratug sem verkin spanna, enda lifði hann fremur einangruðu lífi seinni árin á Manhattan og umgekkst fáa utan sína nánustu. Heimurinn rúmast hins vegar mætavel innan svo þröngs ramma eins og sést á verkum eins og „Imagine All the People“ (63) og „Samurai“ (65). Þannig má segja að Lennon hafi ástundað eins konar taóisma á þessum árum; ræktað garðinn sinn og sína nánustu og komið þar auga á hin stóru sannindi lífsins.

Fáir og ákveðnir drættir

Verkin eru talsvert misjöfn. Sum eru tækifæris-

Myndlist


Ólafur J. Engilbertsson

myndir sem e.t.v. hafa ekki mikið listrænt gildi en þeim mun meira söfnunargildi. Á meðal slíkra verka má telja erótísku teikningarnar sem öllu miklu uppþoti í London árið 1970. Lennon tekst best upp í einföldum teikningum þar sem fáir og ákveðnir drættir bera uppi myndina, t.d. „Bag One“ (1), „The Lennons“ (11) og „Real Love“ (28). Í slíkum myndum rímar teikningin vel við japanskan undirritunarstimpilinn, því yfirbragðið er mjög í anda austrænnar skrautritunar.

Lífsgleðin í fyrirrúmi

Margar síðustu myndir Lennons hafa meira gildi sem persónulegar skopmyndir þar sem lífsgleðin er í fyrirrúmi en listrænar kreddur víðs fjarri. Sérstæður húmor Lennons nýtur sín vel í verkum eins og „Watch the Holes, Yoko“ (39) og „Nothing Is Impossible“. Hér hefði verið við hæfi að hafa nokkurn samanburð af öðrum verkum Lennons, einkum þó hinni myndskreyttu ljóðabók „In His Own Write“ er út kom 1964. Þar tættir Lennon samborgara sína í „Liddypol“ sundur og saman í háði þar sem frjálslig teikning og götumálstexti fallast í faðma. Óhætt er að mæla með þessari sýningu á verkum Lennons á Kjarvalsstöðum, jafnt fyrir gamla bítlaaðdáendur sem ungt fólk á öllum aldri.

Hringiðan



Það var ekki laust við að sumum fyndist hávaðinn nokkuð mikill í norsku tónlistarmönnum sem spiluðu afrísku tónlist fyrir börn og unglíngla í Norræna húsinu um helgina. Tónleikarnir voru liður í sérstakri dagskrá fyrir börn og unglíngla á norrænu menningarháttíðinni Sólstofum. Hljómsveitin, sem þarna spilaði, heitir Super Djempe Kan og virtust áhorfendur skemmta sér mjög vel þrátt fyrir mikinn galsa og læti.

Skjalaskápar

á góðu verði!



Kr. 21.999 Kr. 16.415 Kr. 19.254

Allt að 50% afsláttur af útlitsgölluðum

SHEER PRIDE

ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF.

Sundaborg 3 104 Reykjavík Sími: 684800

Námsstyrkir

MENNTABRAUT

Námsmannþjónusta Íslandsbanka



Íslandsbanki mun í tengslum við Menntabraut, námsmannþjónustu Íslandsbanka, veita sjö námsstyrki að upphæð 100.000 kr. hver á árinu 1995.

Allir námsmenn, 18 ára og eldri, geta sótt um styrkina, hvort sem þeir eru í námi hér á landi eða erlendis. Styrkirnir eru óháðir skólum og námsgreinum.

Í umsókninni þurfa að koma fram upplýsingar um nafn, heimili, símanúmer, námsferil, námsárangur og framtíðaráform í stuttu máli.

Umsóknir skal senda til:

Íslandsbanki hf.

Markaðs- og þjónustudeild (Námsstyrkir)

Kringlunni 7

155 Reykjavík

Umsóknarfrestur er til 15. mars 1995



ÍSLANDBANKI